

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 11.12.2020
Tilvísun: 20201200046

Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um Tækniþróunarsjóð - 321. mál, þskj. 361

Ríkisskattstjóri móttók þann 27. nóvember sl. tölvupóst þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint þingmál. Telur embættið til tilefni til eftirfarandi ábendinga:

Samkvæmt 1. mgr. 1. gr. frumvarpsins er Tækniþróunarsjóður sérstakur sjóður sem heyrir undir ráðherra.

Sjóður sem þessi telst almennt með aðilum sem skattskyldir eru samkvæmt 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 90/2003, en er jafnframt undanþeginn skattskyldu samkvæmt 1. tölul. 4. gr., en þar segir:

„Þessir aðilar greiða ekki tekjuskatt:

„1. Ríkissjóður, ríkisstofnanir og ríkisfyrirtæki sem hann rekur og ber ótakmarkaða ábyrgð á svo og Fiskifélag Íslands.“

Þrátt fyrir ofangreinda undanþágu frá greiðslu tekjuskatts, þá eru þeir aðilar sem falla undir 1. tölul. 4. gr. tsl. skattskyldir af fjármagnstekjum sínum samkvæmt 4. mgr. 71. gr. tilvitnaðra laga en þar segir:

„Lögaðilar þeir, er undanþegnir eru skattskyldu skv. 1., 2., 4., 5., 6., 7. og 8. tölul. 4. gr., skulu þrátt fyrir það greiða tekjuskatt af fjármagnstekjum, sbr. 3., 4. og 5. tölul. C-liðar 7. gr., svo og skv. 8. tölul. sama staflíðar 7. gr., að því er varðar söluhagnað af hlutabréfum. Skal hann vera 22% af þeim stofni. Afdráttur skatts og innborgun hans samkvæmt lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur skal vera fullnaðargreiðsla og koma í stað álagningar samkvæmt lögum þessum. Þó skulu þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og sjálfir annast um innheimtu vaxta í eigin lánaumsýslu eða fá vaxtatekjur sem ekki er dregin af staðgreiðsla, skila greinargerð um vaxtatekjur til skattyfirvalda og standa skil á 22% tekjuskatti af slíkum vöxtum að tekjuári loknu. Þeir aðilar, sem þessi málsgrein tekur til og hafa aðrar fjármagnstekjur, skulu sömuleiðis standa skil á 22% tekjuskatti af slíkum tekjum að tekjuári loknu. Við ákvörðun á stofnverði eigna sem félög, sbr. 4. tölul. 4. gr., eignast við gjöf skal við sölu miðað við að stofnverðið sé markaðsverð á yfirtökudegi félagsins á eigninni. Ríkisskattstjóri setur nánari reglur um skilagreinar og skil vegna þessarar málsgreinar.“

Jafnframt skulu framangreindir aðilar sæta afdrætti staðgreiðslu af vaxtatekjum og arði samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.


Í þessu sambandi þykir mega benda á að þrátt fyrir ákvæði um skattskyldu samkvæmt tilvitnaðri 4. mgr. 71. gr. tsl., þá er kveðið á um það í 1. tölul. 5. mgr. 71. gr. tilvitnaðra laga að nafngreindir aðilar, þ.m.t. sjóðir hvers konar séu undanþegnir ákvæði 4. mgr. um skattskyldu. Að sama skapi eru þeir sem falla undir 1. tölul. 5. gr. undanþegnir afdrætti staðgreiðslu, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 94/1996, um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur.

Að öðru leyti gerir ríkisskattstjóri ekki athugasemdir við frumvarpið eins og það liggur fyrir.

Virðingarfyllst,
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson